

Fundargerð háskólaráðs

334. fundur daginn 24. september 2013

stofu M 203, Miðborg, kl. 9.15 – 10.20

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 09.15.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórðóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs á Skype

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Póra Pétursdóttir ráðgjafi, Capacent

Rektor setti fund kl. 09.15. Eitt mál var á dagskrá.

1. Ráðning forseta hug- og félagsvíssindasviðs

1303019

Frá því síðasti fundur var haldinn hefur rektor rætt við Capacent og einnig sérfræðing í stjórnsýslurétti. Rektor bíður eftir lögfræðiáliti um það hvort um er að ræða svokallað matskennt vanhæfi hans, sbr. 6. tl. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993: „Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlagur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.“.

Póra Pétursdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

HEA SOS
HR
KA
HE

Þóra gerði í stuttu máli grein fyrir vinnulagi Capacent við að aðstoða við ráðningar af þessu tagi en út úr sílku ferli kemur ráðgefandi, rökstudd skýrsla. Varðandi hlutverk tengiliðs, í þessu tilviki við háskólaráð, kom fram hjá Þóru að það er meðal annars að taka þátt í undirbúnungi varðandi gerð spurninga fyrir viðtöl og helst að vera viðstaddir viðtöl við umsækjendur.

Umræða varð um málið. Niðurstaðan varð:

1. Að bíða eftir úrskurði lögfræðings um hæfi rektors sem er væntanlegur eftir einn til tvo daga.
2. Að fela Capacent að hefja vinnu við híutlaust mat út frá umsóknargögnum og dómnefndaráliti um umsækjendur. Af úrskurði um hæfi rektors ræðst það hvort hann kemur að málínu sem tengiliður.

Capacent er falið að afla upplýsinga um samstarfs- og leiðtogaþæfni umsækjenda sem og um það hvaða framtíðarsýn þeir hafa fyrir hönd fræðasviðsins/háskólans.

Rektor þakkaði Þóru fyrir og fór hún af fundinum.

Rætt var um ráðningarferli forseta fræðasviða HA og voru fundarmenn sammála um að endurskoða þyrfti reglur þar að lútandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.20.

Hafdis Ema Ásbjarnardóttir
Herruminn Guðrúnar Þóru
Klára Ísafjörðóðdri
Hobjón Eiríksson
Sigríður Ólafsdóttir